

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.00 **Íþróttapátturinn.** Sýnt verður frá leikjum í ensku knattspyrnu og úrslit dagsins bjrt um leið og þau berast. Einnig verður greint frá innlendum íþróttaviðburðum.
- 18.00 **Dvergarikið (16)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Sveinbjörn Björnsson. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinnsson. Leikraddir Örn Arnarson.
- 18.50 **Táknmálsfréttir.**
- 18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.30 **Lottó,** framhald.
- 20.35 **Stúfur** (Sorry). Breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Corbett í hlutverki Timothy Lumsden sem er piparsveinn á fimmtugsaldri en býr ennþá hjá móður sinni. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 21.05 **Kvikmyndahátið 1989.** Umsjón Hilmar Oddsson og Friðrik Þór Friðriksson.
- 21.15 **Fríða og dýrið** (Skönheden og udyret). Dönsk blómynd frá 1984. Metta er 16 ára og býr hjá föður sínum. Þegar Janni gerir hosur sínar grænar fyrir Mettu skerst faðir hennar í leikinn, því töluverður aldursmunur er á Janni og Mettu. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir.
- 22.45 **Hráskinnaleikur** (Lion in Winter). Bresk blómynd frá 1968. Leikstjóri Anthony Harvey. Aðalhlutverk Katharine Hepburn, Peter O'Toole, Anthony Hopkins og Timothy Dalton. Myndin gerist árið 1183 og Hinrik II., konungur Englands, hefur safnað fjölskyldu sinni saman í kastala sínum yfir jóln. Konungurinn er með ráðabrug á þrónunum en fjölskyldumeðlimirnir eru slyngir og á þessi helgi eftir að verða afdrifarík. Katharine Hepburn hlaut óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í þessari mynd. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 0.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 9.00 **Með Áfa.** Áfi syngur fyrir ykkur og segir skemmtilegar sögur. Teiknimyndirnar sem við sjáum í dag eru Amma, Grimms-ævintýri, Blöfnarnir, Snorkarnir, Óskaskógur og nýja teiknimyndin Skollasögur. Eins og þið vitið eru allar myndirnar með íslensku tali.
- 10.30 **Kementina.** Clementine. Teiknimynd.
- 10.55 **Jói hermaður.** G.I. Joe. Teiknimynd.
- 11.20 **Henderson-krakkarnir.** Vandaður ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar. Sjötti þáttur af tölfi.
- 11.50 **Sigurveggar.** Sjálfstæður ástralskur framhaldsmyndaflokkur í átta hlutum. Fjórði þáttur.
- 12.40 **Réttætiskennnd.** Johnny Came Lately. Þetta er sigillur vestri sem gerist árið 1906 og fjallar um fyrirverandi fréttamann sem er á barmi glötunar og hefur verið handtekinn. Myndin átti strax miklum vinsældum að fagna þegar hún var gerð á sínum tíma. Aðalhlutverk: James Cagney, Grace George, Majorie Main og Ed McNamara. Leikstjóri: William K. Howard.
- 14.20 **Vistaskipti.** Trading Places. Veðmál verður til þess að braskari úr fátækrahverfi og vellauðugur fasteignasali hafa vistaskipti. Dag nokkurn hittast umskiptingarnir á götu og fara að bera bækur sínar saman. Þeir sjá að maðurur er í mysunni og leggja á ráðin um hefnd. Aðalhlutverk: Dan Aykroyd, Eddie Murphy, Ralph Bellamy og Don Ameche. Leikstjóri: John Landis.
- 16.10 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður lítið yfir íþróttir

- helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **Fréttir** og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
- 20.00 **Heilsuþælið í Gervahverfi.** Íslensk grænsápuopera í átta hlutum. Fjórði þáttur. Aðalhlutverk: Edda Björnsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Júlíus Brjánsson, Pálmi Gestsson og Gísli Rúnar Jónsson.
- 20.35 **Harry og félagar.** Harry and the Hendersons. Dag nokkurn verður risavaxin skepna á vegi Henderson-fjölskyldunnar. Þau telja skepnuna dauða og taka hana með sér heim. Þegar þangað er komið vaknar dýrið til lífsins og þá fer nú að þrengjast í kotinu. Skepnan, sem er skýrð Harry, á undir högg að sækja því í nokkur árhundruð hafa visindamenn elst við hana og veiðimenn reynt að þefa hana uppi. Aðalhlutverk: John Lithgow, Melinda Dillon, Don Ameche og David Suchet. Leikstjóri: William Dear. Framleiðendur: Richard Vane og William Dear.
- 22.25 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Hörkuspennandi bandarískir sakamálabættir. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
- 23.20 **Maurice.** Aðalhlutverk: James Wilby, Hugh Grant og Rupert Graves. Leikstjóri: James Ivory.
- 1.40 **Tvenns konar ást.** My Two Loves. Aðalhlutverk: Lynn Redgrave, Mariel Harteley og Barry Newman. Leikstjóri: Noel Black.
- 3.15 **Agatha.** Aghatha Cristie hefur getið sér góðan orðstír meðal bókmentafrómuða í Lundúnum. En einkalífið blómstrar ekki að sama skapi því eiginmaður hennar er að yfirgefa hana út af nýja einkaritaranum sínum. Dag nokkurn hverfur Agatha og skráir sig á hressingarheimili undir fölsku nafni svo enginn getur fundið hana. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Vanessa Redgrave, Timothy Dalton og Helen Morse. Leikstjóri: Micheal Apted.
- 4.50 **Dagskrárlok**

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Asgeirsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Húsið hans Marteins eftir Erik Rasmussen, Þýðing: Þorsteinn frá Hamri. Lesari: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morguntónar eftir Ludvig van Beethoven.** Sónata í A-dúr fyrir fjölu og pianó op. 12 nr. 2 eftir Ludvig van Beethoven. Yehudi Menuhin leikur á fjölu og Wilhelm Kempff á pianó.
- 9.40 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.03 **Hlustendapjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Vikulok.** Umsjón: Einar Kristjánsson og Valgerður Benediktsdóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)
- 12.00 **Tilkynningar.**
- 12.10 **Á dagskrá.** Lítið yfir dagskrá laugar dagsins í Utvarpinu.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttapáttur í vikulokin.
- 14.00 **Leslampinn.** Þáttur um bókmenntir. Umsjón: Friðrik Rafnsson.
- 15.00 **Tónelfur.** Brot úr hringið tónlistarlífsins í umsjá starfsmanna tónlistardeildar og samantekt Bergþóru Jónsdóttur, Péturs Grétarssonar og Guðmundar Emilssonar.
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.05 **Íslenskt mál.** Guðrún Kvaran flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 9.30.)
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.30 **Dagskrárstjóri í eina klukkustund.** Svavar Gestsson menntamálaráðgjafi.

- 17.30 **Stúdió 11.** Kynntar nýlegar hljóðritarir Útvarpsins og rætt við þá listamenn sem hlut eiga að máli. Umsjón: Sigurður Einarsson.
- 18.10 **Gagn og gaman.** Þáttur um börn og bækur.
- 18.35 **Tónlist.** Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Ábætur.** Lionel Hampton og sextett hans, Tríó Oscars Petersons og Stan Getz leika.
- 20.00 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Húsið hans Marteins eftir Erik Rasmussen. Þýðing: Þorsteinn frá Hamri. Lesari: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Gestastofan.** Inga Eydal tekur á móti gestum á Akureyri. (Frá Akureyri.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmóníku-unnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarphúsinu. Kynnrir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Góðvínafundur.** Endurnýjuð kynni við gesti á góðvínafundum í fyrirvetur. (Endurtekinn þáttur frá liðnum vetri.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Svölitið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnrir.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rás-um til morguns.**



- 8.05 **Á nýjum degi** með Margrétu Blöndal. (Frá Akureyri.)
- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvársson leikur tónlist og kynnrir dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnrir. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt.)
- 14.00 **Klukkan tvö á tvö.** Ragnhildur Arnjótisdóttir og Rósa Ingólfssdóttir.
- 16.05 **Söngur villiandaráttinnar.** Einar Kárason leikur íslensk dægurlög frá fyrri tíð.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lítur inn hjá Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram íslend.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 20.30 **Úr smíðunni.** Ingi Þór Kormásson kynnrir brasilíska tónlist. (Einnig útvarpað áðfaranótt laugar dags kl. 7.00.)
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Þitið aftan hægra.** Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir.
- 2.00 **Næturútvarp á báðum rás-um til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Istoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnrir. (Endurtekinn frá deginum áður.)
- 3.00 **Rokksmiðjan.** Sigurður Sverrisson. (Endurtekið úrval frá fimmtudagskvöldi.)
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Undir væðarvoð.** Lúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
- 5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
- 5.01 **Áfram íslend.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
- 6.01 **Af gömlum listum.** Lög af vinsældalistum 1950-1989.
- 7.00 **Morgunsveifla(n).**
- 8.07 **Söngur villiandaráttinnar.** Einar Kárason kynnrir íslensk dægurlög frá fyrri tíð. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi.)



- 8.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** vaknar með Bylgjuhlustendum.
- 13.00 **Íþróttavaf** með Valtýri Birni og Bjarna Ólafi Guðmundssyni. Ryksugurokk og margt skemmtilegt, leikur og þvímlik.
- 16.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Dagur spilar alla upphaldssveita-söngvana beint frá Bandaríkjunum. Kíkt á bandaríska countrylistann.

- 19.00 **Ágúst Hólinsson** tekur púlsinn á þjóðfélaginu áður en ferð er út á lífið.
- 22.00 **Laugardagsnæturvakt.** Hafþór Freyr Sigmundsson á næturvakt.
- 2.00 **Dagskrárlok.**



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **IR.**
- 18.00 **MH.**
- 20.00 **MS.**
- 22.00 **FB.**
- 24.00 **Næturvakt í umsíðun IR.** Óskalog & kveður, sími 680288.
- 4.00 **Dagskrárlok.**



- 7.00 **Felix Bergsson.**
- 12.00 **Steinunn Halldórs.**
- 15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 **Kiddi Bigfoot.** „Parti – ball.“
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 3.00 **Nökkvi Svavarsson.**



- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Gríníðjan.** Barnabættir.
- 10.00 **Trans World Sport.** Íþróttapáttur.
- 11.00 **Veröld Frank Bough's.** Heilmildamynd.
- 12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
- 13.00 **Fjölbragðaglima (Wrestling).**
- 14.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
- 17.00 **Master of the World.** Kvikmynd.
- 19.00 **Sergeant Deadhead.** Kvikmynd.
- 21.00 **Fjölbragðaglima (Wrestling).**
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **Hercules.**
- 15.00 **S.P.Y.S.**
- 17.00 **The Mission.**
- 19.00 **Mischief.**
- 21.00 **Angel Heart.**
- 23.00 **Crimes of Passion.**
- 00.45 **The Name of the Rose.**
- 03.00 **Jumpin' Jack Flash.**



- 9.00 **Box.** Heimsmeistarakeppni í Moskvu.
- 10.00 **Golf.** Áskorendakeppni.
- 11.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Grikklandi.
- 12.00 **Snóker.** Regal Masters.
- 13.00 **Hafnabolti.** Keppni atvinnumannna í Bandaríkjunum.
- 15.00 **Kappakstur.** Svipmyndir frá sögu Grand Prix keppninnar.
- 16.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttapáttur.
- 17.00 **Blak.** Unglingakeppni.
- 18.00 **Conquer the Arctic.** Suður-skautið sigrað.
- 19.00 **Tennis.** Meistarakeppni.
- 22.00 **Hjólreiðar.** Tour of Lombardy.
- 23.00 **Kappakstur.** Keppni í Ástralíu.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 10.00 **Tónlist og tiska.**
- 11.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 12.30 **Tónlist og tiska.**
- 13.00 **Charlie Chaplin.**
- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **The Big Valley.** Vestramyndaflokkur.
- 15.30 **Dick Powell Theatre.**
- 16.30 **Evrópuhlustinn.** Poppþáttur.
- 17.30 **Íþróttir.**
- 19.30 **Snóker.**
- 20.30 **Alleghany Uprising.** Kvikmynd.
- 23.40 **Killings on Outpost Zeta.** Kvikmynd.

Laugardagur 14. október

Sjónvarp kl. 21.15:


Fríða og dýrið
– dönsk blómynd

Hér kemur hin danska gerð af Fríðu og dýrinu. Raunar er nú söguþráðurinn í þessari mynd allt annar en í samnefndum framhaldsmyndaflokki.

Metta er 16 ára gömul og býr ein með föður sínum á meðan móðir hennar er á spítala. Samband þeirra feðginanna er gott og því finnst föður hennar hann illa svikinn þegar ljósmyndari að nafni Janni, sem er þar að auki þó nokkuð eldri en Metta, fer að gera hosur sínar grænar fyrir henni.

Þangað til Metta kynntist Janni hafði hún átt í sakleysislegu ástarsambandi við strák á sínum aldri og það fannst föður hennar allt í lagi.

Myndin fjallar um innri baráttu föður Mettu vegna sambands hennar við Janni og hvernig samband þeirra feðginanna þróast vegna þess.



Samkynhneigð er umfjöllunarefni myndarinnar Maurice.

Stöð 2 kl. 23.20:

Maurice

Maurice er ungur drengur af aðalsættum sem er uppi á hinu þurítanska Játvarðartímabili. Eins og venja aðalsins var í þá tíð er Maurice sendur í forsnobbaðan einkaskóla. Þar kemst hann í kynni við samkynhneigðan skólafélaga sinn, Grant. Í fyrstu fordæmir Maurice þessa „villu“ vinar síns en eftir að hafa skoðað hug sinn betur gerir hann sér grein fyrir því að hann fellir hug til Grants. Grant gerir sér fljótlega ljóst að samkynhneigðin verður honum þungur kross þegar út í raunveruleika lífsins er komið og kvænist því. Maurice getur hvorki né vill snúa til baka og hyggst standa af sér stórsjóinn með nýjan elskhuga sinn, Clive, pilt af lágum þjóðfélagsstigum, sér við hlið.

Sjónvarp kl. 22.45:

Hráskinnaleikur

Jólin 1183 býður Hinrik annar, konungur af Englandi, fjölskyldu sinni til fagnaðar yfir hátíðina í kastala sínum.

Andrúmsloftið er lævi blandið þar sem konungurinn hefur ýmislegt á þrónunum varðandi það hver muni erfa krúnuna.

Í kastalanum eru auk Hinriks konugs eiginkona hans og þrír synir, þeir Ríkharður ljónshjarta, Geoffry og John, frönsk prinsessa, fyrrverandi hjákona Hinriks, og Phillip konungur af Frakklandi.

En það er ekki einungis konungursem bruggar launráð því ættlingarnir hafa ýmislegt á þrónunum til að reyna að ná yfirráðum yfir krúnunni. Helgin á því eftir að verða mjög afdrifarík fyrir allt þetta fólk.

Stöð 2 kl. 1.40:

Tvenns konar ást

Gail er nýorðin ekkja og þarf í fyrsta skipti að standa á eigin fótum og sjá sjálfri sér og dóttur sinni farborða. Hún hefur ástarsamband með besta vini sínum og eiginmanns hennar heitnum en þegar hann biður hennar hryggbrýtur hún hann. Í óþökk móður sinnar flytur Gail í litla íbúð og hefur störf á veitingahúsi þar sem hún myndar sterk vináttubönd við starfssystur sína. Dag nokkurn þegar Gail á um sárt að binda vegna álagsins á heimilinu afhjúpar vinkonan þá staðreynd að hún sé lesbísk. Gail bregst ekki illa við þessum fregnum heldur finnur nýjar tilfinningar vakna innra með sér.



Spurning myndarinnar Tvenns konar ást er: Getur kona felið hug til bæði karla og kvenna?